

## Valgreinar skólaárið 2017 – 2018

### 8. - 10. bekkur

#### Íþróttaiðkun

Þeir sem stunda reglulega iðkun íþróttá á vegum íþróttafélags geta fengið það metið sem valgrein. Kennslustundir fara eftir fjölda æfinga í hverri íþrótt.

Körfubolti – 3 kennslustundir (120 mín. á viku)

Fótbolti – 2 kennslustundir (80 mín. á viku)

Frjálssar – 1 kennslustund (40 mín. á viku)

---

#### Tónlistarnám

Fullt nám (vetrarlangt) við Tónlistarskóla Stykkishólms er metið sem valgrein.

Eitt hljóðfæri – 2 kennslustundir (80 mín. á viku)

Tvö hljóðfæri – 3 kennslustundir (120 mín. á viku)

---

#### Stíll – heilsárs val

Áfanginn byggist upp á þjálfun í framsetningu á hönnun og hönnunarferli. Skissur og teikningar, hugmyndavinna og kynning á hönnun í sögulegu samhengi. Stefnt er að lokaafurð sem gæti orðið framlag GSS til Stíls 2018.

Nemendur í vali eru hvattir til að taka þátt í Stíl. Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Keppnin fer fram í nóvember ár hvert, daginn eftir Rímnaflæði. Keppt hefur verið í Stíl undir formerkjum Samfés og ÍTK frá því á árinu 2000 en löng hefð hefur fyrir sambærilegri keppni í Kópavogi.

---

#### Gamalt verður að nýju – fyrir áramót

Að gera upp húsgang.

Hér þurfa nemendur að koma með gamalt húsgang að heiman. Farið verður einnig upp í nytjagám. Nemendur fara í gengum ýmsar aðferðir við að gera upp húsgang. Mikil áhersla lögð á nýtingu.

---

## **Tómstunda- og félagsmálafræði – fyrir áramót**

Tómstunda- og félagsmálafræði er byggt upp sem óformlegt nám (nonformal education). Þar fá nemendur tækifæri til að vinna í félagsmiðstöðinni X-inu, með því að skipuleggja og stjórna viðburðum hennar og læra þannig að taka ábyrgð.

Nemendahópurinn í Tómsunda- og félagsmálafræðum verður í forsvari ungmenna í bænum. Nemendur munu rýna í samfélagið, skoða samfélögin í kring og leggja mat á það hvernig samfélagi þeir vilji búa í og hvaða tækifæri eru til staðar fyrir ungmenni? Þeir munu vinna að því að fá fund með bæjarstjórn til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Einnig verður farið í skyldur og réttindi á vinnumarkaði, gerð ferilskrár, að koma fram, tjá sig og annað gagnlegt.

---

## **Skólahreysti – heilsárs val**

Í þessari valgrein verður lögð áhersla á að undirbúa nemendur til þátttöku í landskeppni grunnskóla í skólahreysti. Farið verður í þrautirnar sem eru í keppninni og færni nemenda aukin í þeim greinum.

---

## **Hestasport**

Nemendur fá að kynnst hestinum og vinna með hestaeigendum í Stykkishólmi. Nemendur vinna í hesthúsunum, læra að gefa hrossunum, moka og kemba.

---

## **Á vinnumarkaði – heilsárs val**

Nemendur fá að kynnst því hvernig það er að starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði. Nokkur fyrirtæki í Stykkishólmi munu taka á móti nemendum og kynna fyrir þeim starfsemi sína. Með þessu vali fá nemendur að kynnst hinum ýmsum fyrirtækjum og öðlast með því vísýni og reynslu.

---

## **UT – hálfis árs val**

Í valáfanganum er unnið með fjölbreyttar aðferðir til að miðla verkefnum. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum. Samvinna og þróun er mikilvæg í nútíma samfélagi og munu nemendur vinna með báða þætti í námskeiðinu. Unnið verður með Stopmotion, stuttmyndir, myndbönd, forritun, heimasíður og fleira.

Skilaverkefni eru bundin hópunum og er mikið val um viðfangsefni.

---

## **Fluguhnýtingar – eftir áramót**

Nemendur læra að hnýta einfaldar silunga- og laxaflugur. Nemendur kynnist flugustöng og mismunandi línur og taumum. Einnig læra þeir að kasta með flugustöng. Nemendur fara í veiði og læra rétt handbrögð og að lesa vatnið. Þeir læra um helstu fisktegundir og meðhöndlun á afla, flökun og matreiðslu.

Athugið að þessu vali fylgir efniskostnaður

---

## **Undirbúningur árshátíða – eftir áramót**

Þetta val er eingöngu í boði eftir áramót. Þar munu nemendur undirbúa skipulag á árshátíð nemenda sem haldin verður um miðjan mars. Huga þarf að ýmsu þegar kemur að skipulagi árshátíðar; sviðsstjórn, skemmtiatriði, bókanir, skreytingar og fleira.

---

## **Pólska**

Tvítýngdir nemendur fá þjálfun í móðurmáli sínu pólsku.

---

## **Heilsdagsskólinn – heilsárs val**

Nemendur starfa í Heilsdagsskólanum undir handleiðslu starfsfólks tvær stundir á viku. Taka þátt í starfi skólans og fá upplifun af því hvernig það er að vinna með börnum.

---

## **Ökunám – undirbúningur fyrir bílpróf Eingöngu fyrir 10. bekk.**

Nemendur taka fræðilegt ökunám (Ö1) sem er á ábyrgð og í umsjá Ökuskóla P.G.P. Í ökuskóla kostar Ö1 10.000 krónur. Nemendur fá 2.000 króna afslátt með því að taka þetta sem valáfanga.

Þar sem nemendur eru ekki orðnir fjárráða þarf samþykki foreldris/forráðamanns.

---